

Mál nr. 318/2014
M og
V vegna húseigendatryggingar.

Vatn þrýstist upp um niðurfall í þvottahúsi í húsi á Selfossi þ. 20.9.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.21.10.2014.
2. Bréf V dags. 24.11.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M segir að mikið úrhelli hafi gert rétt fyrir miðnætti þ.19.9.2013 og rétt eftir miðnætti hafi flætt upp úr niðurfalli í þvottahúsi og valdið tjóni m.a.hafi parket og dúkur eyðilagst. M krefst bóta úr vatnstjónstryggingu húseigendatryggingar sinnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á grein 9.1.6 í vátryggingarskilmálum þar sem segir, að tryggingin bæti tjón af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skuli í til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis-og/eða asahláku er tjónsatburðurinn átti sér stað. V segir að ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði greinar 9.1.6 hafi verið uppfyllt. Yfirborðsvatn hafi ekki flætt inn í húsið og ekki hafi verið um skyndilegt úrhelli að ræða miðað við gögn um veður á svæðinu í umrætt sinn. Þá segir V að ekkert almennt eignatjón hafi orðið á Selfossi í kjölfar rigningarinnar í umrætt sinn. V segir einnig að engar misfellur hafi verið á frárennslislögn frá þvottahúsi út í götu, sem gæti hafa valdið tregðu.

Álit.

Í grein 9.1.6 í vátryggingaskilmálum M hjá V er gerð grein fyrir hvaða atvik eru bótaskyld en það eru tilvik, þegar um skyndilegt úrhelli hefur verið að ræða, asahláku eða vatnsmagn hafi verið það mikið að frárennslisleiðslur hafi ekki náð að flytja það frá. Ekki hefur verið sýnt fram á að þessar aðstæður hafi verið fyrir hendi ein eða fleiri í umrætt sinn. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu. M á því ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 9.12.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.